

VSÓ Ráðgjöf ehf  
Stefán Gunnar Thors  
Borgartúni 20  
105 Reykjavík

**2002030004**  
1000; 1300; 0000;  
9310

Reykjavík, 2. maí 2002  
/--

**Efni: Arnarnesvegur, Reykjanesbraut - Breiðholtsbraut og tengibraut um Hörðuvelli.  
Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun um Arnarnesveg, Reykjanesbraut - Breiðholtsbraut og tengibraut um Hörðuvelli, Kópavogi og Reykjavík.

Skipulagsstofnun barst með bréfi VSÓ Ráðgjafar. dags. 2. apríl 2002 tillaga Vegagerðarinnar að matsáætlun:

Vegagerðin. Arnarnesvegur, Reykjanesbraut - Breiðholtsbraut og tengibraut um Hörðuvelli. Tillaga að matsáætlun. VSÓ Ráðgjöf, mars 2002.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Garðabæ, Kópavogsbæ, Reykjavíkurborg, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Garðabæ með bréfi dags. 11. apríl, Kópavogsbæ með bréfi dags. 15. apríl 2002, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 15. apríl 2002, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 17. apríl 2002, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 24. apríl 2002, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 12. apríl

2002, samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 18. apríl 2002 og Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur með bréfi dags. 10. apríl 2002.

Skipulagsstofnun bærust athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Auðunni Páli Sigurðssyni og Önnu Sigríði Vernharðsdóttur með tölvupósti dags. 12. apríl 2002, Haraldi Rúrikssyni með tölvupósti dags. 15. apríl 2002, Hákonni Hákonarsyni, Krisínu Kristjánsdóttur, Kristjáni Pálssyni, Ernu Sigursteinsdóttur, Gunnari Jóhannssyni, Fríðu Kristjánsdóttur, Friðgeiri Kemp, Huldu Hákonardóttur, Þorsteini Gunnarssyni og Sigrúnu Jóhannsdóttur með tölvupósti dags. 15. apríl 2002, Ólafi R. Dýrmundssyni með bréfi dags. 14. apríl 2002 og Susan Pallfreeman með tölvupósti dags. 15. apríl 2002.

Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 19. apríl og 29. apríl 2002.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í svörum framkvæmdaraðila dags. 19. apríl og 29. apríl 2002 með eftirfarandi athugasemdum.

### **Mengun vatns**

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun, kafla 4.4.2, kemur fram að í matsskýrslu verði gerð grein fyrir mögulegu afrennsli af vegum og að lögð sé áhersla á að ekki berist mengandi efni í grunnvatn eða yfirborðsvatn. Skipulagsstofnun bendir á að í fylgiskjali með reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 er vatni skipt í 5 flokka með tilliti til umhverfisþátta. Skipulagsstofnun telur að þegar afrennsli frá vegum er veitt í vatn skuli í matsskýrslu gerð grein fyrir áhrifum þess á viðtakann og jafnframt gerð grein fyrir því hvort áhrif afrennslisins kunni að leiða til þess að viðtakinn kunni að færast milli flokka.

### **Náttúrufar**

Í kafla 4.7 í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun er fjallað um náttúrufar. Skipulagsstofnun telur að gera þurfi lauslega úttekt á fyrirhugaðri veglínu m.t.t. megin einkenna fuglalífs og gróðurfars á áhrifasvæði framkvæmdarinnar og að greina þurfi frá tegundum sem séu sjaldgæfar eða hafi sérstakt verndargildi eins og fram kemur í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Náttúruverndar ríkisins.

Skipulagsstofnun telur að fjalla skuli um hvaða námur komi til greina vegna framkvæmdarinnar og hvaða námur sé æskilegast að sækja í m.t.t. umhverfis líkt og fram kemur í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Náttúruverndar

ríkisins. Skipulagsstofnun veur athygli á að efnistaka úr námum vegna framkvæmdarinnar kann að vera tilkynningarskyld sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Sé svo kann að þurfa að vinna sérstakt mat á umhverfisáhrifum fyrir hvern efnistökuáætlun.

### **Fornleifar**

Skipulagsstofnun telur að gera þurfi grein fyrir þeim fornleifum sem eru innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar eins og fram kemur í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Fornleifaverndar ríkisins.

### **Hljóðmengun**

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að gera grein fyrir spá um hljóðstig í Lindahverfi í Kópavogi. Einnig þarf að gera grein fyrir hljóðstigi við efstu hús í Jóruseli og Kaldaseli eins og fram kemur í svörum framkvæmdaraðila við athugasemdum íbúa í Seljahverfi og umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

### **Skipulagsmál**

Vegna umfjöllunar í kafla 4.6.1 Kópavogur, veur Skipulagsstofnun athygli á að endurskoðað aðalskipulag Kópavogs 2000-2012, var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs þann 12. mars 2002 og staðfest af umhverfisráðherra 23. apríl 2002. Uppfæra þarf umfjöllun í kaflanum m.t.t. þess.

Vegna umfjöllunar í kafla 4.6.2. Reykjavík, bendir Skipulagsstofnun á að aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 var samþykkt hjá Reykjavíkurborg 18. apríl 2002 og verður afgreitt frá Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra á næstu vikum.

Skipulagsstofnun bendir á að gera þarf grein fyrir göngutengslum um veginn á milli hverfa innan Kópavogs sem og göngutengslum (undirgöngum) á milli Reykjavíkur og Kópavogs.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Fylgiskjöl:

Álit umsagnaraðila og athugasemjenda

Afrit :

Garðabær, Kópavogsbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu, Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur.

Auðunn Páll Sigurðsson og Anna Sigríður Vernharðsdóttir, Haraldur Rúriksson, Hákon

Hákonarson og Krisín Kristjánsdóttir f.h. athugasemjenda í Salahverfi, Ólafur R.

Dýrmundsson og Susan Pallfreeman.

